

Helgi Ólafur Hafsteinn Þórðarson hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér kr. 2475.68 í skaðabætur, og hefur hann sundurliðað kröfu sína þannig:

a. Bætur fyrir atvinnutjón	kr. 1175.68
b. Lækniskostnaður	— 300.00
c. Bætur vegna óþæginda og leiðinda	— 1000.00

Vaxta hefur eigi verið krafizt.

Kr. 2475.68

Verður eigi séð, að upphæð þessi sé óeðlilega há, og verður því að taka hana að öllu leyti til greina og dæma ákærða til greiðslu þessarar upphæðar.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Máli Haralds Guðmundssonar skipasmiðs, Vesturgötu 30, hefur verið lokið sérstaklega með réttarsátt.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Hinrik Ragnarsson, sæti fangelsi 30 daga.

Hann greiði Helga Ólafi Hafsteini Þórðarsyni kr. 2475.68 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 22. marz 1946.

Nr. 80/1945. Óliuverzlun Íslands h/f

(Hrl. Theódór B. Lindal).

gegn

Hreppsnefnd Blönduósshrepps f. h. hreppsins

(Hrl. Einar B. Guðmundsson)

Ómerking máls og heimvísun.

Dómur hæstaréttar.

Stefndi krafðist þess í bréfi til fógeta 22. marz 1945, að lögtak yrði gert í eignum áfrýjanda á Blönduósi til heimtu útsvars, að fjárhæð kr. 900.00, er lagt var á áfrýjanda í Blönduóshreppi vorið 1944.

Hinn 11. júní 1945 byrjaði fógeti framkvæmd lögtaksgerðarinnar. Kom gerðarbeiðandi ekki á það dómþing og enginn af hans hálfu, en af hendi áfrýjanda kom umboðsmaður hans á Blönduósi fyrir fógeta og andmælti fram-

kvæmd lögtaksins af þeirri ástæðu, að áfrýjandi væri ekki útsvarsskyldur í Blönduósshreppi, og voru bókuð rök hans fyrir því. Fógeti tók þá málið til úrskurðar, án þess að gerðarbeiðanda gæfist færi til að svara vörn gerðarþolanda. Þessi meðferð var, eins og á stóð, andstæð réttum reglum, þar sem fógeti hefði átt að veita gerðarbeiðanda kost á að tala máli sínu og láta síðan flytja málið samkvæmt IX. kafla sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936.

Af þessum ástæðum verður að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Það athugast, að í fógetaúrskurðinum er hvorki greint nafn gerðarbeiðanda né fjárhæð lögtakskröfu. Er það andstætt fyrirmælum 2. mgr. 190. gr. og 1. mgr. 193. gr. sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ómerkur, og víst málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður fógetaréttar Húnavatnssýslu 15. júní 1945.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, rekur Ólíuverzlun Íslands h/f verzlun á Blönduósi með benzin og smurningsoliur í eigin húsi og á eigin lóð. Eru vörurnar fluttar á staðinn að öllu leyti á kostnað og ábyrgð félagsins og geymdar á þess ábyrgð. Sá maður á Blönduósi, sem annast afgreiðslu varanna fyrir félagið, ræður engu um verð þeirra né tilhögun verzlunarrekstrarins og ber enga ábyrgð á honum umfram venjulegan búðarþjón. Hann hefur fyrirmæli um að selja gegn staðgreiðslu. Honum ber að skila andvirði seldra vara, en það ber venjulegum búðarþjóni einnig að gera. Frá beinni „contantsölu“ og skilun andvirðis er þó sú frávikning, að verulegur hluti sölunnar fer fram samkvæmt fyrirmælum félagsins til ákveðinna manna, sem félagið hefur samið um milliliðalaust, og greiða þeir menn fyrir vöruna beint til félagsins. Greiðsla til sölumanns félagsins á Blönduósi er

ákveðin sumpart sem tiltekinn aurafjöldi af seldum lítra sumpart sem hundraðsgjald af söluverði. Er slíkur háttur alþekkt kaupgreiðslufyrirkomulag, er í hlut á sölumaður við útbú verzlunar.

Með tilvísun til þess, sem hér hefur verið sagt, verður að telja, að verzlunarrekstur Oliuverzlunar Íslands h/f á Blönduósi sé raunverulegt útbú, rekið þar, en af því leiðir, að greiða ber útsvar af verzlunarrekstrinum samkvæmt a-lið 8. gr. laga nr. 106/1936.

Því úrskurðast:

Oliuverzlun Íslands h/f, útbú, Blönduósi, ber að greiða útsvar af verzlunarrekstri sínum þar til Blönduóshrepps, og ber því að framkvæma hina umbeðnu lögtaksgerð.

Föstudaginn 22. marz 1946.

Kærumálið nr. 2/1946. Laxinn h/f

gegn

Vélsmiðjunni Jötni h/f

Kröfu um frest synjað.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 28. febrúar þ. á., sem hingað barst 7. þ. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð, kveðinn upp á bæjarþingi Reykjavíkur 27. febrúar síðastliðinn, þar sem sóknaraðilja var synjað um frekari frest í máli aðilja. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að honum verði veittur 4 vikna frestur í málinu. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar eftir mati dómsins.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað fyrir hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 250 krónur.